

2008

Síðast uppfært föstudagur, 01 júlí 2016

2. janúar 2008 Bubba var ekki til setunnar boðið. Fyrirhugaðir tónleikar með Stórsveit Reykjavíkur voru framundan 4. og 5. janúar og því er æft þennan dag. Ljósmyndarar blaða og tímarita mæta á svæðið og mynda Bubba við æfingar. Þá birti Fréttablaðið fyrri lagalista kvöldsins. Pakkinn var flottur með lögum eins og Lög og regla, Aldrei fór ég suður, Þorskacharleston, Sumar konur, Rón og Júlía, Kossar án vara, Eina nótt í viðbót, Frosin gríma, Þingmannagæla svo dæmi séu tekin. Já framundan var auðsjáanleg eyrna- og augnakonfekt.

3. janúar 2008 Tónlist.is bíður lagið Ísbjarnarblús í flutningi Bubba og Stórsveitar Reykjavíkur til sölu á síðu sinni. Þar með teljum til einna af útgáfuverkum hans.

4. janúar 2008 Gríðarlega góð stemning var á nýrstónleikum Bubba Morthens og Stórsveitar Reykjavíkur sem fóru fram í Laugadalshöll þetta kvöld. Bubbi lýsti því yfir að á sínum 27 ára tónlistarferli hefði hann aldrei staðið á sviði með jafn góðri hljómsveit Stórsveit Reykjavíkur. Gestir Bubba á tónleikunum voru þeir Ragnar Bjarnason og Garðar Thór Cortes og eins og sjá má ná þeir félagar vel saman á sviðinu þar sem þeir fluttu saman lagið Sumarið er tíminn.

Þetta voru fyrri tónleikarnir af tveimur með Bubba og Stórsveitinni en þeir seinni fóru fram kvöldið eftir. (mynd: MBL/Eggert)

Reyndar mátti lesa á forsíðu Fréttablaðsins næsta morgun leiðindarfrétt frá tónleikunum þar sem manni í annarlegu ástandi hafði verið vísað frá tónleikunum. Í bræði sinni hafi viðkomandi sparkað í gegnum rúðu og síðan rokið á brott, eftir að hafa ógnað starfsmönnum með hníf. Lögregla var þá kölluð til sem hafði upp á manninum skömmu síðar og naut aðstoðar sérsveitarinnar við að handtaka hann og færa á lögreglustöðina þar sem málið fékk sína meðferð.

5. janúar 2008 Leikurinn frá 4. janúar var endurtekinn. Löngu uppselt á þessa tónleika, enda aðaltónleikarnir. Það var mál þeirra sem fóru á báða tónleikana að lítill munur hafi verið á þeim. Stórsveitin frábær, útsetningar flottar og stjarna kvöldsins skila sínu eins og hans er von og vísa.

20. janúar 2008 tók nýr vefur tók við að gömlum um Bubba Morthens. Sá gamli var kominn til ára sinnar og óhætt að fullyrða að tónlistin var kominn á andlistlyftingu. Ný síða var unnin af Vefsíður.is. En gagnasafn og upplýsingar voru unnar af Bárði Erni Bárðarsyni.

Í janúarlök 2008 fóru Bubbi og meðreiðasveinar í hljóðver ásamt Pétri Ben í hlutverki upptökustjóra og hljóðrituðu ein 13 lög fyrir sólóplötu Bubba. Áætlað var að Bubbi kæmi síðan inn aftur um mánaðamótin febrúar - mars og hljóðrita endanlegan söng. Vinnuplötunnar var Fjórir naglar.

1. febrúar 2008 hófust sýningar á þættinum Bandið hans Bubba þar sem leitað er að söngvara í Bandið hans Bubba. Skilyrðið var

syngja á íslensku. Meðdómendur með Bubba í þættinum voru þeir Björn Jörundur Friðbjörnsson söngvari Nýdanskra og Villi úr Naglbítunum. En áður en sá þáttur hófst var Bubbi einn gesta í þætti Loga, Logi í beinni. Þar frumflutti Bubbi nýtt lag, Þegar tíminn er liðinn, sem hann hafði að vísu flutt bæði á Þorláksmessu sem og fyrir fangana á Litla-Hrauni á aðfangadag, enda lagið samið fyrir þá sérstaklega.

8. febrúar 2008 var á dagskrá annar þáttur af Bandinu hans Bubba. Nú var haldið áfram að leita að söngvara í Reykjavík, Akureyri og svo var Austurlandið heimsótt.

12. febrúar 2008 lýsti Bubbi því yfir að hann ætlaði að efna til tónleika gegn rasisma undir yfirskriftinni "Bræður og systur" í Austurbæ. Þessi ákvörðun hans kom í kjölfar þess að Stöð 2 og Fréttablaðið sögðu frá netsíðu sem augljóslega flokkast undir rasisma, og þá höfðu um 700 manns, mestmegnis ungmenni skráð sig. MBL.is birti m.a. viðtal við Bubba á netsíðu sinni í mynd (mynd: mbl).

15 febrúar 2008 sendi Poetrix frá sér plötuna Fyrir lengra komna en þar leggur Bubbi honum lið í viðlagssöng lagsins VTG. En lagið hafði þá þegar verið aðgengilegt um nokkra mánaða skeið á heimasíðu Poetrix

19. febrúar 2008 mætti Bubbi í Kastljós Ríkissjónvarpsins þar sem hann ræddi við Þóru um fyrirhugaða tónleika í Austurbæ og flutti þegar tíminn er liðinn en þetta lag samdi Bubbi sérstaklega fyrir fangana á Litla-Hrauni og var það frumflutt 23. desember 2007 á Litla-Hrauni.

20. febrúar 2008 voru haldnir stórtónleikar gegn rasisma í Austurbæ undir yfirskriftinni Bræður og systur að hugmynd Bubba. Bubbi sjálfur var meðal þeirra sem þarna komu fram og flutti hann aðeins eitt lag Þegar tíminn er liðinn. Hann steig síðan aftur á sviðið eftir að Geir H. Haarde hafi sungið eitt lag og söng með honum lagið um Lóu litlu á Brú. (mynd: mbl.is).

7. mars 2008 mætti Bubbi með gítarinn á Samfés sem haldin var fyrir fullu húsi í Höllinni. Efnisdagskrá hans þetta kvöld var Afgan, Stál og hnífur, Rómeó og Júlía, Ísbjarnarblús. Samkvæmt viðstöddum var liðið vel með á nótunum.

14. mars 2008 var þátturinn Bandið hans Bubba á dagskrá Stöðvar 2. Þátturinn hófst á að Bubbi sjálfur mætti á sviðið með hljómsveitinni og flutti lagið Blindsker.

21. mars 2008 mætti Bubbi ásamt fjölda annarra söngvara og listamanna á tónleika til styrktar XA Radió útvarpsstöðin byggði dagskrá sína á AA-prógramminu.

27. mars 2008 var Poetrix með útgáfutónleika á Nasa vegna útkomu plötunnar Fyrir lengra komna. Bubbi Morthens einn þeirra listamanna sem aðstoðuðu hann við söng á plötunni og mætti herra Morthens einnig á tónleikana og tók lagið. (mynd: ST)

3. apríl 2008 voru haldnir sögulegir tónleikar í Austurbæ, en langt var þá liðið frá því Bubbi hafði haldið sitjandi tónleika. Þó skal tekið tillit til þess að Bubbi sjálfur flutti þennan konsert að mestu standandi einn með gítarinn á miðju sviðinu. Efnisskráin samanstóð af lögum væntanlegrar sólóplötu Bubba Fjörir naglar í bland við eldra efni og voru mörg af vinsælustu lögum hans á dagskrá kvöldsins. Húsið var og ekki annað að heyra á gestum en þeim líkaði kvöldið vel.

6. apríl 2008 birti Bubbi tvö áður óútgefin ljóð á spjalli netsíðunnar bubbi.is. Þetta verða að teljast tímamót á ferli bubba og vefsíðu bubbi.is. Enda í fyrsta sinn sem Bubbi gefur út ljóð í þessari framsetningu á vefnum. Bubbi birti fleiri ljóð næstu daga og vikur og sá bubbi.is um að safna þeim saman í einskona ljóðbók á vefnum undir heitinu NET- LJÓÐ.

9. apríl 2008 skruppu þeir Bubbi og Björn Jörundur í hljóðver og sungu inn á band lagið Ég er kominn heim sem Óðinn Valdimars þáttur gaf út árið 1960. Lagið var skömmu síðar komið í sölu á tónlist.is auk þess sem því var ætlaður staður á næstu Pottþétt plötu.

15. apríl 2008 mætti Bubbi í hljóðverið síðdegis og söng inn á plötuna Fjörir naglar.

16. apríl 2008 kom út Rokkland 2007 sem er tvöföld plata og sú sjötta í útgáfuröðinni. Á fyrri plötunni eru að finna nýleg lög en á þeirri síðari rokklög frá ýmsum tíma. Þar á meðal lag Utangarðanna Fuglinn er floginn. Efnið valið af stjórnanda samnefnds þáttar Palla.

Sama kvöld efndi einn harðasti aðdáandi Bubba Morthens, Trausti Már Ingason til spurningarkeppni um Bubba Morthens á veitingastaðnum Classik Rock undir yfirskriftinni Bubbasérfræðingur 2008. Keppnin fór fram við Ármúla. Þarna var um undanúrslitakeppni að ræða þar sem 5 efstu keppendurnir komust áfram í úrslit.

18. apríl 2008 úrslitabátturinn Bandið hans Bubba fór fram. Þar sem Eypór Ingi og Arnar Már kepptu um stöðuna í Bandinu hans Bubba. Þar fór Eypór Ingi heim með sigurinn. Verðlaunin; 3 milljónir í peningum og söngvarastaðan í Bandinu hans Bubba. Sérstakur gestadómari þetta kvöld var rokkgoðið Eiríkur Hauksson sem líkt og aðrir gestadómarar tók lagið.

Sama kvöld fór fram úrslit í Bubbasérfræðingur 2008 á Classic Rock við Ármúla og þar fór Bárður Örn Bárðarson heim með sigurið (mynd: mbl.is)

22. apríl 2008 hringdi Óli Palli á Rás 2 í Bubba og átti við hann stutt spjall um væntanlega tónleika sem þá voru fjórir í nágrenni Reykjavíkur, lagið sem Bubbi og Björn Jr. höfðu nýverið sungið inn á band og fleira, væntanlega giftingu sína og Hrafnhildar. Með annars sem fram kom hjá Bubba var að hann hafði deginum áður lagt lokahönd á næstu sólóplötu og væri ekkert eftir henni tengt nema umbúðahönnunin. og að hann væri að leggja lokahönd á húsbýggingu sína í Kjósinni.

23. apríl 2008 var Bubbi ráðinn til að koma fram og spila í Primo í Keflavíkurbæ. Einhvers misskilnings gætti milli manna um hvaða langan tíma Bubbi ætti að spila sem sagðist hafa skilað klukkustund en veitingahúsa eigandinn sagðist hafa talið sig hafa greitt fyrir mun lengri tíma. Nokkur umfjöllum átti sér stað á vefmiðlum um málið.

24. apríl 2008 Bubbi hefur þriggja tónleika prógramm þar sem hann var að kynna plötuna Fjörir Naglar. Fyrstu tónleikarnir fóru fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði, 30. apríl var það Félagsgarður í Kjós og 1. maí í Hlégarði Mosfellsbæ. Að sögn þeirra sem mættu tókust að tónleikar fantu vel en Tónleikarnir í Kjósinni stóðu uppúr að þeirra sögn auk þess sem þeir skarta frumflutningi lags sem ekki var

á hinum tónleikunum.

5. maí 2008 mætti Bubbi hjá Ívari Guðmunds á Bylgjuna í spjall auk þess sem þar var frumflutt titillag nýrrar plötu Bubba Fjórir naglar. Á sama tíma sat lag í flutningi Bubba og Björns Jr. ‐ Ég er kominn heim í 1. sæti Netlistans á tónlist.is (18 vika ársins).

8. maí 2008 mætti Bubbi með kassagítarinn til tónleikahalds í Hvíta húsinu á Selfossi. Samkvæmt auglýsingu í “Dagskránni” sem gefin er út á Selfossi voru tónleikarnir hluti af dagskránni Vor í Árborg.

11. maí 2008 var Bubbi ásamt Hrafnhildi að leggja lokahönd á að flytja í nýtt hús í Kjósinni.

16. maí 2008 var Egóíð í Kastljósinu eftir fréttir þegar upptaka frá miðvikudeginum áður var sýnd þar tóku Ególiðar lagið Tungan kom út á fyrstu plötu sveitarinnar.

17. maí 2008 var efnt til miðnæturetónleika á Nasa v/Austurvöll þar sem Egóíð steig á stökk með enn eina liðskipan. Beggi, bróðir Bubba var nú kominn aftur í raðir Ególiða með gítarinn sinn. Maggi Stefáns trommari var hættur enn og aftur og höfðu menn á orði að hann ætti líklega orðið íslandsmet í að hætta í einni og sömu hljómsveitinni. Í hans stað við trommurnar var sestur Arnar Geir Aðrir í sveitinni voru nú Bubbi: Söngur, Jakob Smári Magnússon: Bassi og Hrafn Thoroddsen: Orgel.

30 maí 2008 voru óvæntir tónleikar á Akranesi. Lítið auglýstir.

31. maí 2008 Mætti Bubbi fyrir utan Sjávarbarinn við Grandagarð og lék þar þrjú lög. Tilefnið var Hátíð hafsins.

4. júní 2008 Bubbi ásamt Stríð og Frið í sjónvarpi flytja lagið Þú ert ekki staur.

6. júní 2008 afmælisdagur Bubba og opinber útgáfudagur plötunnar Fjórir Naglar. Þá hafði verið gefið út að platan yrði ekki sett í almenna sölu fyrr en 11. júní. Hún var aftur á móti boðin á heimasíðu Vodafone til niðurbals í síma þeirra sem voru í viðskiptum hjá fyrirtækinu.

Sama kvöld var blásið til útgáfutónleika í Borgarleikhúsinu sem þóttust takast einstaklega vel. Bubbi hóf leikinn einn með kassagítarinn og opnaði þessa tónleika á laginu Grettir og Glámur, ljóðið eftir Þórarinn Eldjárn en hér við allt annað lag en hann söng það inn á Ísbjarnarblús á sínum tíma. Annað lagið sem Bubbi flutti þetta kvöld var eina óútgefna lagið Líttill strákur. Því næst við lög plötunnar Fjórir naglar með aðstoð hljómsveitarinnar Stríð og Friður og upptökustjóra plötunnar Pétri Ben.

Titillag plötunnar sat þá í 4. sæti yfir mest spiluðu lög útvarpstöðvanna.

7. júní 2008 gekk Bubbi að altarinu í þriðja sinn á lífsleiðinni og gekk að eiga Hrafnhildi Hafsteinsdóttur. Eftir brúðkaupið lá leið hjónakornanna til Parísar að sögn fjölmiðla. Sama dag birti Morgunblaðið plötudóm sinn yfir Fjórum nöglum og gaf plötunni fimm

11. júní 2008 Tónlist.is er fyrst til að selja nýja plötu Bubba, Fjórir naglar ef frá er talin Vodafone sala plötunnar en frá heimasíðu þeirra var hægt að hala efni plötunnar niður í síma. Tónlist.is var aftur á móti með plötuna í almennri sölu í stafrænu formi og var boðin til kaups einni mínútu yfir miðnætti. Bið varð þó á að Vínýlplatan kæmi út. Fréttablaðið birtir dóm um plötuna og gefur henni stjórnur. CD útgáfa í verslunum en LP útgáfan hvergi sjáanleg.

Sama dag valdi Morgunblaðið Bubbi.is sem netsíðu vikunnar og birti frétt þess efnis undir fyrirsögninni "Öskur trúðsins... Á netinu

17. júní 2008 útvarpaði Rás 2. útgáfutónleikum Bubba frá 6. júní. Það vakti athygli nokkurra aðdáenda að lagið Femmi hafði verið tekið út og sömuleiðis inngangur Bubba að því lagi.

19. júní 2008 Fjórir naglar nær 1 sæti listans yfir mest seldu plötur landsins í eina viku

19. júlí 2008 Birtist í mbl viðtal við Bubba. Ákveðin ummæli Bubba í þessu vitali virtust valda talsverðum misskilningi og sköpuðus miklar umræður vegna þeirra bæði í fjölmiðlum og netheimum. Varð Bubbi að svara þessum misskylningi á heimasíðu sinni bubbi

20. ágúst 2008 platan Sagan af Eyfa (Bönnuð börnum) með stórsveit Guðmundar Inga er gefin út. Fjöldi söngvara lagði plötunni m.a. Bubbi Morthens sem söng þar lagið Skírn.

30. ágúst 2008 Akureyrarvaka var haldin þessa helgi og m.a. kom Bubbi fram á tónleikum í Gilinu.

5. september 2008 Ljósanótt Reykjanesbæjar stóð dagana 4-7 sept. Á föstudagskvöldið 5. september, endaði Bubbi og Egóíð stó útitónleika sem var slúttað með flugeldasýningu.

10. september 2008 Eiður Smári fótboltahefja hjá Barselona hélt upp á 30 ára afmæli sitt í turninum í Kópavogi. Bubbi mætti þar og tók lagið.

24. september 2008 var Bubbi við upptökur á nýjum þætti í sjónvarpssal í umsjón Ragnhildar Steinunnar. Margt góðra gesta var upptökur ásamt Bubba.

26 september 2008 sýndi Ríkissjónvarpið lag með Bubba og Stríð og Frið í Kastljósið í þetta sinn lagið Mundu Drottinn af plötunni

naglar.

2. október 2008 sendi Bubbi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagðist ætla ásamt hljómsveit að mæta á austurvöll á hádegi til að mótmæla aðgerðarleysi stjórnvala vegna efnahagsmála en gengi krónunnar hafði þá hrundið undanfarnar vikur og gjaldþrot blast fjölda fólks. Flest blöð fjölluðu um málið og fékk Bubbi talsverð viðbrögð við þessari ákvörðun sinni þar sem fólk sagðist styðja þessum hans. Um kvöldið var hann ásamt Stríð og Frið mætt í sérstakt hóf hjá Odda sem var að fagna sameiningu Odda, Kassagerðar Reykjavíkur og Gutenberg. Þarna var prufukeyrt það prógramm sem ætlunin var að Bubbi flytti í Köben.

4 október 2008 var á dagskrá Ríkissjónvarpsins ný þáttaröð. Laugardagskvöld í umsjón Ragnhildar Steinunnar. Aðalgestur þessa þáttar var Bubbi Morthens. Þar vakti mesta athygli að Bubbi tók þar lagið með Grétu dóttur sinni og var það mál manna að stelpa fínn söngvari.

8. október 2008 klukkan 10 var Bubbi mættur í viðtal hjá Ívari Guðmunds á Bylgjunni með nýtt lag í farteskinu, Ein stór fjölskylda. Klukkan 12 var Bubbi ásamt sveit manna mætt á Auturvelli. En þar fóru fram samstöðutónleikar Bubba og hljómsveitar ásamt Buffinu.

10. október 2008 Stórtónleikar í nýrri Laugardalshöll til heiðurs Vilhjálmi Vilhjálmssyni. Uppselt var á tónleikana um leið og sala miða hófst og var leikurinn því endurtekinn kvöldið eftir. Þann 11 október. Uppselt var á þá tónleika svo til strax og voru þá þriðju tónleikarnir settir á dagskrá einnig 11. október. Bubbi fékk frábæra dóma hjá MBL fyrir frammistöðu sína á þessum tónleikum. Þar sem hann söng lagið Hrafninn við eigin gítarundirleik. Upptökurnar voru síðar gefna út á CD og DVD fyrir jólin.

13. október 2008 hófst nýr þáttur Færibandið á Rás 2. Umsjón með honum hafði Bubbi Morthens sem frumflutti nýtt lag í upphafi þáttar Bankakreppublús. Laglínan vel þekkt en textinn frumfluttur. Þarna var á ferð tveggja tíma dagskrá og umfjöllunarefni Bubbi þetta kvöld var hamingjan. Þó meira væri fjallað um kvíðann og þá kreppu sem við vorum að ganga í gegnum með falli barna og yfirtöku ríkisins á eignum þeirra.

18. október 2008 Bubbi með tónleika í Kaupmannahöfn. Með Bubba var hljómsveitin Stríð og friður og Poul Kreps kom einnig fram einn með gítarinn auk þess sem Bubbi tók með honum eitt lag. Gréta Morthens mætti og söng með þabba sínum eitt lag líka. Um 800 manns voru í salnum. Tónleikarnir sem fram fóru á Laugardagskvöldi þóttust takast frábærlega ef frá er talin mikil ölvun tónleikagesta svo ekki sé fastara að orði kveðið.

24. október 2008 Haustferð 2008. fór ekki vel af stað því um morguninn rann Bubbi til á pallinum við hús sitt við Meðalfellsvatn og brákaði hendi og meiddist á fingri. og varð að aflýsa fyrirhugðum tónleikum næstu daga.

15 nóvember 2008 efnt er til stórtónleika í Laugardalshöll að undirlagi Bubba undir kjörorðinu Áfram með lífið. Þarna mættu nokkrar nafna íslenskra poppsögu. Bubbi flytur þar ásamt sveit fjögur lög.

20. – 22. nóvember 2008 Bubbi á Norðurlandi. Þrennir tónleikar: Sauðárkrók, Akureyri og Húsvík

5. desember 2008 Rúnar Júlíusson lést aðfaranótt 5. desember. Lát þessara ástsælasta rokkara landsins kom mönnum heldur betur á óvart og mikið fjallað um Rúna og feril hans í fjölmiðlum næstu daga. Rúnar var svo jarðsungiinn 12 desember og mætti þar margt manna m.a. Bubbi sem söng eitt lag.

17. desember 2008 Tónleikar í Hlégarði í Mosfellsbæ. Bubbi byrjar tónleikana á óvenjulega mörgum nýjum lögum

19. desember 2008 Tónleikar á 800 bar á Selfossi.

20. desember 2008 Tónleikar í Hátíðarsal menntaskólans í Borgarfirði.

23. desember 2008 Þorláksmessutónleikar nú í Háskólabíói og útvarpað á Bylgjunni, og morgunin eftir var hann að venju mættur á Litla Hrauni nú ásamt hljómsveitinni Egó, Ragnheiði Gröndal og Guðmundi Péturssyni gítarleikara.

27. desember 2008 Bubbi mætir og syngur á árlegum tónleikum til styrktar krabbameinssjúkum börnum í Háskólabíói. Sama kvöld er Egóið með ball á Players í Kópavogi en nokkuð langt var síðan Bubbi hafði komið fram á slíkri samkomu.